



Ytra mat

Leikskólinn Mánaland

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Hildur Skarphéðinsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2019.
ISBN 978-9979-0-2379-1

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Starfsmenn	9
Húsnæði	9
Útileiksvæði	10
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	12
Stjórnskipulag og skipurit.	12
Námskrá og áætlanir	12
Stjórnun og starfsmenn.	12
Fagleg forysta	13
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	15
Námssvið.	16
Velferð og líðan barna.	16
Mat á námi og velferð barna	17
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	19
Viðhorf foreldra	19
Samstarf við grunnskóla	20
Annað samstarf	20
Skóli án aðgreiningar	22
Skólaþjónusta og sérkennsla	22
Börn með annað móðurmál en íslensku	22
Innra mat	23
Skipulag og viðfangsefni	23
Gagnaöflun og vinnubrögð	23
Opinber birting og umbætur	23
Samantekt matsþátta.	24
Samantekt	25
Lokaorð	28
Heimildir.	29

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér

Leikskólinn og umhverfi hans

Áherslupættir í uppeldi og menntun leikskólans eru settir fram í starfsáætlun leikskólans veturinn 2018-2019. Heilsustefna leikskóla hefur verið kynnt fyrir foreldrum og starfsfólki og ríkir sátt um að taka hana upp í Mánalandi en stefnan er enn í innleiðingarferli og miðar frekar hægt. Fallegt umhverfi og náttúra er í kringum leikskólann sem gefur mikla möguleika fyrir fjölbreytta útveru. Leikskólinn er í góðu samstarfi við grunnskólann og Tónskóla Mýrdalshrepps og hefur skipulagt samvinnu sín á milli. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og því þarf áfram að leita leiða til að ráða fleiri leikskólakennara til starfa. Húsnæði leikskólans þarfnast umbóta einkum hvað varðar aðstöðu starfsfólks og einnig það ónæði sem skapast vegna nálægðar Tónskólans.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Góð samvinna er við fræðslunefnd og sveitarstjóra um málefni leikskólans. Mýrdalshreppur hefur samþykkt m.a. Jafnréttisstefnu og Læsisstefnu sem leikskólinn vinnur eftir. Símenntunaráætlun leikskólans er til fyrirmyndar og starfsmenn meta tækifæri sín til símenntunar góð. Starfsandinn meðal starfsmannahópsins virðist vera uppbyggilegur og starfsfólkið sýndi að það vill vinna vel og leitast við að vera börnunum góðar fyrirmyndir. Leikskólinn hefur aðgang að faglegri ráðgjöf varðandi börnin í leikskólanum frá Skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu en matsaðilar telja þörf á handleiðslu fyrir leikskólastjóra sem er tiltölulega nýr í starfi og hefur ekki mikla reynslu af stjórnunarstörfum.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af virðingu og umhyggju fyrir einstaklingnum. Sýnilegt er að börnunum í leikskólanum líður vel og samskipti í hópnum eru góð. Dagskipulag einkennist af hópastarfi, vali og útvist. Í starfsáætlun er talað um að í hópastarfi þetta ár verði unnið með málörvun, listir, sköpun og hreyfingu. Til er skipulag að hópastarfi og öðrum skipulögðum stundum og einnig var sýnilegt skipulag um vinnuskiptingu starfsmanna. Fjölbreytt viðfangsefni eru til staðar og nægur efniviður er til en huga mætti að aðgengi barnanna á yngri deild að leikföngunum. Samræmt verklag er með börnum með krefjandi hegðun en notast er við „ART“ sem er vel afmörkuð og árangursrík aðferð til að mæta krefjandi hegðun hjá börnum. Tækifæri felast í að auka lýðræðislega þátttöku barna og áhrif þeirra á viðfangsefni og skipulag skólastarfsins. Gera þarf áætlun um mat á námi barna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Almennt telja foreldrar að börnunum líði vel í leikskólanum. En í foreldrakönnun sem Menntamálastofnun gerði í apríl 2019 kemur fram að óánægja er í hópi foreldra og ekki virðist ríkja almennt traust um leikskólastarfið og stjórnun leikskólans. Kynna þarf foreldrum aðalnámskrá leikskóla og stefnu leikskólans betur en aðeins rúmlega 50% foreldra telja sig þekkja hana. Bæta þarf samskipti og viðmót starfsfólks og upplýsingagjöf að mati foreldra. Foreldraviðtöl hafa ekki farið fram í vetur og þar af leiðandi eru foreldrar ekki upplýstir um stöðu og framfarir barna sinna eða hafa tekið þátt í að meta framfarir þeirra. Fram kom að mikil óánægja er meðal foreldra með matinn í leikskólanum og telja þeir hann ekki vera í samræmi við Heilsustefnuna. Foreldraráð er starfandi við leikskólann en það hefur ekki sett sér verklagsreglur og fundargerðir eru ekki birtar opinberlega svo sem á heimasíðu leikskólans. Sameiginlegt foreldrafélag er fyrir leik- og grunnskólann.

Skóli án aðgreiningar

Skólaskrifstofa Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu hefur gert verkferla fyrir leikskóla ef upp kemur grunur um þroskafrávik og starfar Mánaland samkvæmt þeim. Ekki er sérkennslustjóri starfandi við leikskólann en leikskólastjóri og deildarstjóri gegna hlutverki hans. Æskilegt er að hafa verkferla og skipulag sérkennslu í leikskólanum skriflegt og einnig hvernig upplýsa skal starfsmenn um þroskafrávik barna. Efla þarf ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar til starfsmanna hvað varðar sérkennslu á deildum. Ekki eru til verkferlar varðandi börn með annað móðurmál en íslensku en boðið er upp á túlkaþjónustu í viðtölum við foreldra ef þurfa þykir.

Innra mat

Matslisti er notaður til að meta framfarir barnanna hvað mál og félagsþroska varðar. Í starfsáætlun kemur fram sex ára matsáætlun þar sem gera á foreldra- og starfsmannakönnun árlega. Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum leikskólans út frá tilgreindum viðmiðum. Tímasetja matið, tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig skuli afla gagna. Þá þarf að tryggja að allir innan leikskólasamfélagsins komi að matinu, starfsmenn, foreldrar og börn. Greinargerð um innra matið og umbótaáætlun á að birta á heimasíðu og /eða í starfsáætlun leikskólans.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Mánalandi Mýrdalshrepp. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Hildi Skaphéðinsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 8. og 9. maí 2019. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra Mánalands á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu tvo daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á báðum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra og haft var samband við sveitastjóra Mýrdalshrepps. Í rýnihópum deildarstjóra og starfsmanna voru allir deildarstjórar og starfsmenn. Þátttakendur í rýnihóp foreldra voru valdir með slembiúrtaki. Einnig gerði Menntamálastofnun foreldrakönnun í tengslum við ytra mat leikskólans með því að senda spurningalista til foreldra í apríl 2019. Svarhlutfall var 94%, 29 foreldrar af 31 svöruðu.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra og sveitarstjóra til yfirlstrar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Mánaland er tveggja deilda leikskóli í Vík í Mýrdal. Hann tók til starfa í júní 1975 í Suður-Vík sem áður fyrr var bóndabær og leikskólinn bar það nafn. Starfsemin var þar fram til áramóta 2012/2013 og var þá færður í húsnæði með grunnskólanum og Tónskóla Mýrdalshrepps, en leikskólinn var sameinaður grunnskólanum í Vík og Tónskóla Mýrdalshrepps 2011. Sameinaðar stofnanir fengu heitið Víkurskóli. Frá árinu 2016 varð leikskólinn aftur gerður að sjálfstæðri einingu og fékk þá nafnið Mánaland.

Í leikskólanum dvelur 31 barn, fædd frá árinu 2013 til 2018, þrettán stúlkur og átján drengir. Deildir leikskólans heita Stjörnur og Máni. Stjörnur er eldri deildin þar sem dvelja 3–6 ára börn og Máni er yngri deildin þar sem dvelja 1–3 ára börn. Eitt barn er með skilgreindan stuðning og átta börn eiga annað móðurmál en íslensku. Opnunartíminn leikskólans er frá 7:45-16:00.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 8 starfsmenn í 7,37% stöðugildum, eingöngu konur gegna þessum störfum. Leikskólastjórinn er leikskólakennari í 100% stöðu, deildarstjórnir tveir eru með B.Ed í grunnskólakennarafræðum í alls 187% stöðugildum en auk þeirra eru 5 leiðbeinendur í 3,50% stöðum, einn af þeim áætlað að hefja nám í leikskólakennarafræðum haustið 2019 og einn er með grunnskólakennarapróf frá Ungverjalandi en er ekki með leyfisbréf hér á landi. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara.

Að sögn leikskólastjóra hefur starfsmannavelta verið töluverð í leikskólanum en er þó nokkuð stöðug eftir að hann tók við stjórnun leikskólans í febrúar 2018. Nær allir núverandi starfsmenn leikskólans hófu störf við skólann eftir að leikskólastjórinn tók við eða í ágúst 2018 og síðar.⁴ Af fimm leiðbeinendum hafa einungis tveir íslensku sem móðurmál og er oft gripið til þess að tala ensku s.s. fara starfsmannafundir oftast fram á ensku.⁵ Við vettavangshugun kom nokkrum sinnum til þess að starfsmaður talaði ensku til að starfsmaður af erlendum uppruna skildi um hvað málið snerist.

Húsnæði

Núverandi húsnæði leikskólans er sameiginlegt með grunnskólanum Víkurskóla og Tónskóla Mýrdalshrepps og dregur dóm af því að vera hannað sem grunnskólahúsnæði en ekki sem leikskóli. Nægt leikrými er fyrir börnin en starfsmannaaðstaðan er ófullnægjandi. Nánari lýsing er eftirfarandi.

Leikskólinn er með sér inngang með góðri forstofu sem rúmar vel vagna og kerrur ef með þarf. Fataherbergið er rúmgott með góðum fatahólfum, sem eru merkt hverju barni, eins er ágæt aðstaða til að þurrka föt barnanna. Við tekur langur breiður gangur þar sem annars vegar (á vinstri hönd) er stór geymsla, salerni barnanna, salerni og fataherbergi starfsfólks. Hins vegar (á hægri hönd) eru þrjár rúmgóðar stofur, tvær fyrir eldri deildina og ein fyrir yngri deildina. Yngri deildin hefur einnig lítið herbergi sem m.a. er notað fyrir hvíldina. Sameiginleg listasmiðja er fyrir leikskólann, sem er björt og velbúin til listsköpunar. Á þessum gangi er Tónskólinn með eina kennslustofu. Stórir gluggar eru á fataherbergi og listasmiðju og kom fram hjá leikskólastjóra að á veturna getur orðið mjög kalt í þessum rýmum.

Við hinn enda gangsins (inn af ganginum) er stór forstofa sem er sameiginlegur inngangur fyrir þá sem velja þá leið í íþróttahús hreppsins og Tónskólann en Tónskólinn hefur kennslustofu inn af fyrrnefndri forstofu. Kaffistofa starfsfólks leikskólans er í forstofunni og innangengt er þaðan í skrifstofu leikskólastjóra sem er einnig undirbúningsherbergi starfsfólks, fundarherbergi og eina aðstaðan til að vera með viðtöl s.s. við foreldra. Í vettvangshugun sást að reynt var að gera sitt besta til að gera húsnæðið vistlegt en þó nokkuð vantaði upp á það t.d. var gangur leikskólans fullur af leikföngum, borðum og stólum. Við vettvangshugun virkaði gangurinn með þessum búnaði frekar óvistlegur og fráhrindandi.

4 Viðtal við leikskólastjóra.

5 Rýnihópur starfsmanna.

Húsnæði leikskólans uppfyllir í meginatriðum nauðsynlega lágmarksaðstöðu samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 hvað varðar börnin.

Það sem á vantar er t.d. rými fyrir sérfræðiþjónustu samkvæmt 12. grein laga nr. 90/2008, hvíldaraðstaða yngri barna mætti vera rúmbetri og eingöngu notuð fyrir hvíld og leik barna.

Sameiginleg salernisaðstaða er fyrir báðar deildirnar og er hún frekar þröng þar sem skiptiborð fyrir yngstu börnin er þar inni. Klemmuhætta er mjög mikil á hurðunum inni á salernum barnanna, eins vantar sér vask fyrir starfsmenn sem skipta á bleyjum.

Húsnæði leikskólans uppfyllir ekki nauðsynlega lágmarksaðstöðu samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 hvað varðar starfsfólkið en til nauðsynlegrar aðstöðu telst vinnurými fyrir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og annað starfsfólk og setustofa fyrir starfsfólk. Alls óviðunandi er að hafa í sama herbergi, aðstöðu leikstjóra, undirbúningsaðstöðu starfsfólks, fundarherbergi fyrir alla fundi og viðtöl og eins er engin séraðstaða fyrir sérfræðiþjónustu.

Tónskólinn á samleið með leikskólastarfsemi þar sem góð samvinna er á milli þeirra og börnin njóta vissulega góðs af nágrenninu við hann en að hafa hann í sama rými/húsnæði er alls óviðunandi. Gegnumgangur nemenda inn og út úr kennslustofum Tónskólans og hávaði á öllum tímum dagsins frá hinum ýmsu hljóðgjöfum veldur miklu ónæði fyrir bæði börn og fullorðna í leikskólanum. Setustofa starfsfólks er á ósættanlegum stað í húsnæðinu, í gluggalausri forstofu þar sem gegnumgangur er allan daginn inn í hin ýmsu rými sem liggja frá forstofunni s.s. íþróttahús hreppsins, Tónskólann og inn á leikskóladeildirnar.

Í öllum rýnihópunum fyrir utan rýnihóp barnanna og í viðtali við leikskólastjóra kom fram nauðsyn þess að lagfæra húsnæðið til að bæta starfsmannaaðstöðuna og að Tónskólinn fengi húsnæði annars staðar sem hentaði betur til æfinga. Var bent á að það er mjög truflandi t.d. að vera með hvíld eða vera að lesa fyrir börnin og í næstu stofu er verið að æfa á blásturhljóðfæri.⁶

Útileiksvæði

Útileiksvæðið er þokkalega stórt með leiktækjum sem virtust vera í góðu lagi. Útsýnið frá leiksvæðinu er stórfenglegt en garðurinn hefur ekki upp á mikla fjölbreytni að bjóða s.s. mjög sléttur með algengum leiktækjum og hentar trúlega yngri börnunum betur en þeim eldri. Hinum megin við húsið er stórt leiksvæði sem er fyrir grunnskólabörnin en eldri börnin í leikskólanum hafa gott aðgengi að því og lýstu í viðtali hvað þau væru bæði ánægð með útiveruna og það að fá að vera á leiksvæði grunnskólans.⁷ Fram kom hjá starfsfólki að bæta mætti útileiksvæði barnanna og einnig sögðust starfsmenn vera í samstarfi við aðra áhugasama um að útbúa útisvæði innar í þorpinu þar sem börn gætu komið og leikið sér frjálst úti í náttúrunni.⁸

Hugmyndafræði og áherslur

Í starfsáætlun leikskólans veturinn 2018–2019 kemur fram að í starfi leikskólans verður haft að leiðarljósi þeir grunnþættir sem aðalnámskrá getur um og verður unnið í hópastarfi með málörvun, listir, sköpun og hreyfingu. Þá vinnur leikskólinn einnig með ART í elsta hópi leikskólans og verkefni Barnaheilla um vináttu. Leikskólinn hefur ákveðið að gerast Heilsueflandi leikskóli og sótt um það til Landlæknisembættisins.⁹ Starfsfólkið virtist vera vel vitandi um framan greindar áherslur en telur ganga misjafnlega vel með að innleiða þær.¹⁰

Í viðtali við foreldra kom fram að þeir kannast við að hafa fengið kynningu á Heilsustefnunni á foreldrafundi sl. haust en hún virðist ekki vera virk eða sýnileg foreldrum t.d. veitir heimasíða leikskólans ekki nægjanlegar upplýsingar um hana.¹¹

Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að framkvæmd Heilsustefnu Mánalands hafi ekki gengið eftir í öllum þáttum en það stæði til bóta með haustinu. Aðalnámskrá leikskóla virðist ekki vera vel kunnung starfsfólki nema þá hvað varðar grunnþætti menntunar. Menntastefna Mýrdalshrepps er frá árinu 2010 og virðist hún ekki vera virk, allavega nefndi enginn viðmælandi hana í viðtölum né rýnihópum.

6 Viðtal við deildarstjóra.

7 Rýnihópur barna.

8 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

9 Viðtal við leikskólastjóra.

10 Rýnihópur deildarstjór og rýnihópur starfsmann.

11 Rýnihópur foreldra.

Leikskólastjóri telur sig þó hafa hana til hliðsjónar í sínu starfi. Læsisstefna Mýrdalshrepps var samþykkt vorið 2016 og hefur leikskólinn mótað sér læsisstefnu út frá henni.

Styrkleikar

- Gott samstarf milli leikskólans og yfirstjórnar.
- Útisvæðið og nærumhverfið gefur mikla möguleika á fjölbreyttu útinámi.

Tækifæri til umbóta

- Bæta þarf almennar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu sveitarfélagsins s.s. hvar hann er staðsettur, húsnæði og námsumhverfi. Enn fremur mætti skrá sögu leikskólans (s.s. sambærilegt við Tónskóla Mýrdalshrepps).
- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Efla þarf íslenskukunnáttu starfsmanna af erlendum uppruna og nota fyrst og fremst íslenskuna í leikskólastarfinu.
- Bæta þarf nokkur atriði í leikskólanum hvað varðar velferð og öryggi barnanna. Í þessu samhengi er bent á Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum <https://mms.is/handbok-um-velferd-og-oryggi-barna-i-leikskolum-0>
- Leita þarf leiða til að húsnæði leikskólans uppfylli kröfur sem gerðar eru varðandi rými um nauðsynlega lágmarksaðstöðu fyrir starfsfólk leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009.
- Mætti huga að því að ganga smekklegar frá myndverkum barnanna á aðalgangi leikskólans. Einnig mætti huga að því sama hvað varðar upplýsingar sem eru á veggjum leikskólans til aflestrar.
- Gera útivist barnanna innan leiksvæðis leikskólans og fyrir utan að sterkari þætti í starfsemi leikskólans.
- Draga þarf betur fram þær hugmyndafræðilegu áherslur sem leikskólastarfið tekur mið af og skilgreina stefnu og markmið í framhaldi af því.
- Efla umræðu um hlutverk leikskóla (aðalnámskrá bls. 29 - bls. 55) meðal starfsfólks og foreldra og móta ný einkunnarorð með öllum hagsmunaraðilum leikskólans.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Mýrdalshreppur rekur einn leikskóla sem staðsettur er í Vík í Mýrdal. Hann ber heitið Mánaland og dvelur 31 barn í leikskólanum (maí 2019). Sveitarstjóri Mýrdalshrepps er næsti yfirmaður leikskólastjóra. Leikskólastjóri Mánalands situr fundir fræðslunefndar einu sinni í mánuði en fræðslunefnd Mýrdalshrepps hefur m.a. það hlutverk að móta menntastefnu skólastofnana í Mýrdalshreppi og eftirlit með að henni sé framfylgt. Í samtali við sveitarstjóra kom fram að góð samskipti eru við leikskólastjórnann og á þriggja mánaða fresti hittast þeir og fara yfir fjárhagsáætlun.

Skólaþjónusta Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu veitir leikskólanum ráðgjöf og er verksvið skólaþjónustunnar í samræmi við *lög um grunn- og leikskóla og reglugerð um sérfræðþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla* auk samþykktu Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Menntastefna Mýrdalshrepps er frá árinu 2010 þegar skólarnir voru einn skóli þ.e. Víkurskóli og með áherslum sem gilda um stofnun sem er ekki lengur til staðar.

Skipurit leikskólans liggur fyrir.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá virðist ekki hafa verið unnin í leikskólanum fyrir tíð núverandi leikskólastjóra allavega hefur hann ekki fundið nein gögn þar um. Hann áætlar að fara í skólanámskrárvinnu næsta vetur með þátttöku allra í leikskólanum og ljúka henni sem fyrst.¹²

Starfsáætlun 2018-2019 er aðgengileg á heimasíðu leikskólans og í henni eru helstu upplýsingar sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Leikskólastjóri leiddi gerð áætlunarinnar og starfsmenn komu mismikið að mótun hennar.¹³ Áætlunin er borin undir foreldraráð og hefur það gert einstaklega vandaða umsögn.¹⁴

Starfsmannahandbók er ekki til staðar í leikskólanum en er í vinnslu að sögn leikskólastjóra, en fylgt er eftir starfslýsingum Kennarasambands Íslands. Aðlögunaráætlun er til skrifleg og notuð sem viðmið við aðlögun barns við upphaf leikskólagöngu en í rýnihópum virtust þó ekki allir starfsmenn kannast við að hún væri til.¹⁵

Áfallaáætlun Mánalands var mótuð vorið 2019 og í henni er m.a. ferill ef slys bera að höndum í leikskólanum, dauðsföll, áfallahjálp og hverjir sitja í áfallateymi leikskólans. Áætlunin er vel úr garði gerð og fram kemur í inngangi að hún verði endurmetin á tveggja ára fresti.

Jafnréttisáætlun leikskólans í Vík er til staðar. Í gögnum matsaðila virðist hún ekki hafa verið uppfærð í leikskólanum frá 2015–2016 en samkvæmt áætluninni á að kynna hana fyrir starfsfólki á fyrsta fundi að hausti og að leikskólastjóri beri ábyrgð á því að það sé gert.

Rýmingaráætlun fyrir leikskólann er til staðar en það sama á ekki við um forvarnaráætlun og eineltisáætlun.

Stjórnun og starfsmenn

Leikskólastjóri Mánalands hefur starfað við leikskólann frá febrúar 2018 og er þetta hans fyrsta reynsla af því að vinna sem leikskólastjóri. Í stjórnendateymi eru leikskólastjóri og deildarstjórar. Formlegir fundir í stjórnarteyminu hafa ekki verið haldnir reglulega en mikið samstarf og samráð er milli teymisins í daglegum störfum leikskólans.¹⁶

Deildarfundir eru haldnir en falla óþarflega oft niður vegna manneklu. Undirbúningstímar eru á ábyrgð deildarstjóra og hefur gengið þokkalega vel að halda þeim eftir áramótin.¹⁷

12 Viðtal við leikskólastjóra.

13 Viðtal við leikskólastjóra.

14 Starfsáætlun leikskólans Mánalands í Vík 2018–2019.

15 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

16 SViðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

17 Rýnihópur deildarstjóra.

Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði og dagskrá er send út fyrirfram. Fundargerðir eru ritaðar á fundunum en ekki aðgengilegar fyrir starfsfólk vegna aðstæðna á skrifstofu leikskólastjóra.¹⁸ Deildarstjórafundir eru haldnir og eru mjög gagnlegir en starfsmannafundir ekki eins gagnlegir sérstaklega vegna þess að þeir fara fram á ensku.¹⁹

Skipulagsdagar eru 5 á ári og einum þeirra er skipt í tvennt með sinn hlutann á hvorn dagspartinn. Starfsmenn fá m.a. fræðslu á þessum dögum, fara í heimsóknir í aðra leikskóla á svæðinu og sækja ráðstefnur. Skipulag skipulagsdaganna fyrir árið 2018/2019 er vel uppsett, þar koma fram allar dagsetningar skipulagsdaganna yfir starfsárið, efnistöð og staðsetning.

Ráðning nýrra starfsmanna er alfarið í höndum leikskólastjóra. Öll störf eru auglýst og starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagmælsku en hingað til hefur ekki verið beðið um leyfi hjá starfsmönnum til að skoða sakavottorð. Í opnum svörum foreldra í foreldrakönnun MMS eru athugasemdir sem gefa tilefni til þess að ítreka við starfsmenn leikskólans að þeir hafi ávallt í huga trúnað og þagmælsku.²⁰ Persónuupplýsingar varðandi starfsfólk og börn eru varðveittar í læstum hirslum.

Stjórnun leikskólans hefur ekki verið formlega könnuð meðal starfsmanna en í rýnihópum matsaðila lýstu allir starfsmenn því að þeir væru sáttir með stjórnun leikskólans og liði vel á vinnustaðnum.²¹ Foreldrar sögðu stjórnandann vera sýnilegan foreldrum, það væri gott að tala við hann og yfirleitt brygðist hann vel við því sem þeir færu fram á.²² Í foreldrakönnun segja 45% foreldra að leikskólanum sé vel stjórnað en 45% foreldra er frekar og mjög ósammála því. Svipaðar niðurstöður koma fram í foreldrakönnuninni varðandi spurningu um sýnileika stjórnenda.²³

Fagleg forysta

Leikskólastjóri segist aðspurður í viðtali telja sig vera sanngjarnan og þægilegan í samskiptum. Hafa góða yfirsýn yfir starfið í leikskólanum, fara daglega inn á deildir leikskólans og hvetja til breytinga á starfsemi eftir því sem við á. Starfsþróunarsamtöl hafa ekki verið með reglulegum hætti en hann er með í vinnslu að taka þau.²⁴ Stjórnandi leikskólans vill gera hann að góðum leikskóla telur sig hafa mikinn metnað fyrir starfsemi, en stundum sé erfitt að fá allan hópinn með í ferð.²⁵

Stefna leikskólans var þátttakendum í rýnihópum ljós og almenn sátt um hana en hvernig hún birtist í starfinu var ekki alveg á hreinu. Í foreldrakönnun MMS sögðust 55% foreldra þekkja stefnu og gildi leikskólans en um 50% sögðust frekar og mjög ósammála því að marvisst væri unnið með stefnu og markmið leikskólans og 14% svöruðu hvorki né.²⁶ Fram kom hjá leikskólastjóra að Heilsustefnan væri enn í innleiðingarferli sem gengi mjög hægt.

Símenntunaráætlun 2018/2019 liggur fyrir og í henni kemur fram hverjir eru að fara sækja námskeið/fræðslu, hvar, hvenær og hvaða efni er í boði. Leikskólastjóri hvetur starfsfólkið til að mennta sig á hinum ýmsu sviðum og sækja námskeið sem það hefur áhuga á og það telur að gagnist því í starfi með börnunum. Sveitarfélagið styrkir starfsfólk til að stunda nám í leikskólafræðum.²⁷ Starfsfólkið er hvatt til að fara á námskeið og telur nóg framboð. Kom fram að vel er tekið í hugmyndir frá þeim og alltaf hægt að fara til baka og finna nýjar lausnir/leiðir.²⁸

Starfsandi og starfsánægja

Í rýnihópum starfsmanna og viðtali við leikskólastjóra töldu allir að starfsandinn væri góður í leikskólanum. Starfsfólkið væri stolt af starfi sínu og væri að gera sitt besta til að starfsemi leikskólans nytí sannmælis og þar væri innihaldsríkt uppeldis- og mennastarf unnið með börnunum. Sagðist starfsfólkið fá mjög oft hrós frá foreldrum og upplifði að börnin lærðu mjög mikið á því að vera í leikskólanum.²⁹

18 Viðtal við leikskólastjóra.

19 Rýnihópur deildarstjóra.

20 Foreldrakönnun vegna ytra mats.

21 Rýnihópur deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

22 Rýnihópur foreldra

23 Foreldrakönnun vegna ytra mats.

24 Viðtal við leikskólastjóra.

25 Viðtal við leikskólastjóra.

26 Foreldrakönnun vegna ytra mats í leikskóla.

27 Viðtal við leikskólastjóra.

28 Rýnihópur starfsmanna og rýnihópur deildarstjóra.

29 Rýnihópur starfsmanna og rýnihópur deildarstjóra.

Starfsánægjan kemur fram í góðum samskiptum milli starfsfólksins og barnanna en tekið var fram að óneitanlega væri oft og tíðum erfitt/snúðið að halda íslenskunni á lofti þegar um 50 % starfsfólksins hefði hana ekki að móturmáli.³⁰ Mikil samvinna er á milli deilda s.s. í útiverunni og ART stundunum. Starfsfólk telur að það fái að njóta sín í starfi en það mætti vera meira um hrós og miðlun þekkingar og reynslu á milli.³¹ Börnin segjast öll þekkja leikskólastjórann. Hafa oft heimsótt hann á skrifstofuna og svo komi hann mikið inn á deild. Ef þau fengju að ráða þá myndu þau m.a. vilja fá trampólín í garðinn og fara oftar í listasmiðjuna.³²

Styrkleikar

- Ítarleg og vönduð áfallaáætlun.
- Metnaðarfull símenntunaráætlun og starfsfólk er hvatt til að sækja sér menntun.
- Góður starfsandi í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Móta nýja menntastefnu fyrir Mýrdalshrepp.
- Virkja jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps innan leikskólans.
- Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá, sbr. Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Gera þarf móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Leita leiða til að leikskólastjóri hafi aðgang að ráðgjöf og stuðningi frá reynslumiklum leikskólastjóra sem hefur staðgóða þekkingu á starfsemi leikskóla.

30 Rýnihópur deildarstjóra.

31 Rýnihópur starfsmanna og deildarstjóra.

32 Rýnihópur barna.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Leikskólinn skiptist í eldri og yngri deild. Eldri deildin hefur tvær stofur til afnota og yngri deildin einnig en önnur þeirra er einungis notuð fyrir hvíld. Á deildunum er gert ráð fyrir að börnin geti verið í litlum hópum og eru skilrúm notuð til að afmarka svæði. Á eldri deildinni er borðað í báðum stofum til að skapa ró og leitast er við í daglegu starfi að skipta börnunum í minni hópa og nýta báðar stofur sem best.³³

Fjölbreyttur efniviður er til staðar í leikskólanum og á eldri deild er aðgengi barnanna að honum gott, hillur og skápar voru í þeirra hæð, litir og blöð eru aðgengileg börnunum svo og bækur. Mikið er af leikföngum inni í geymslu og einnig er svæði fyrir framan stofurnar notað til að geyma leikföng. Á yngri deild hafa börnin ekki frjálst aðgengi að leikföngum eða öðrum efnivið, þar eru skápar í hæð barnanna og eru þeir læstir með barnaöryggislokum. Einingakubbar eru á báðum deildum.

Aðstaða til listsköpunar er í sér herbergi sem báðar deildar nota. Nóg er af fjölbreyttum efnivið en hann er ekki aðgengilegur börnunum ýmist hátt uppi eða inni í skápum.

Inngengt er í íþróttasal hreppsins og á dagsskiplagi leikskólans er gert ráð fyrir skipulögðum stundum þar. Einnig getur leikskólinn nýtt salinn þegar ekki er hefðbundin kennsla í gangi. Í salnum hefur leikskólinn aðgang að öllum helstu tækjum til hreyfipjálfunar.

Engin aðstaða er til sérkennslu en ef barn þarf einstaklingsþjálfun þá eru leikstofurnar notaðar á útvistartíma.

Samkvæmt dagskiplagi skiptist dagurinn á milli frjáls leiks, hópastarfs, vals og útivistar.

Starfshættir

Leikskólinn vinnur samkvæmt skóladagatali þar sem fram koma upplýsingar um helstu viðburði ársins.³⁴ Við skipulag skólaársins er starfsáætlun lögð fyrir starfsfólk til umsagnar en þar segir að í hópastarfi þetta skólaár sé unnið með málörvun, listir, sköpun og hreyfingu. Þá segir einnig að leikskólinn vinni með ART í elsta hópi barnanna en það er vel afmörkuð og árangursrík aðferð til að draga úr krefjandi hegðun hjá börnum. Auk þess er unnið með verkefnið Vinátta sem er forvarnarverkefni gegn einelti á vegum Barnaheilla. Einnig kemur fram að unnið sé með Lubba og málbeinið.³⁵

Í vettvangsathugun sáu matsaðilar að umhyggja, virðing og hlýja einkennir samskipti starfsfólks við börn og verklag til að mæta krefjandi hegðun barna er samræmt. Matsmenn sáu ekkert í umhverfi leikskólans sem vísaði til þess að unnið væri með *Lubba og málbeinið* en aðeins sást að rætt var um vináttuverkefnið *Blæ* við yngstu börnin. Skipulag og verkaskipting starfsmanna var sýnilegt og einnig áherslur og hugmyndir fyrir hópastarf og aðrar skipulagðar stundir. Matsmenn sáu að matartímar voru óskipulagðir og ekki var ljóst hjá starfsmönnum hvernig framkvæmdin ætti að vera eins og að starfsmenn sætu til borðs með börnunum og að börnin fengi að skammta sér matinn sjálf eða smyrja brauðið. Til dæmis var ekki lagt á borð fyrir börnin í hádeginu og það vantaði diska fyrir brauðið í síðdegishressingunni.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í leikskólanum er ekki unnið markvisst með lýðræðislega þátttöku barnanna. Helst má sjá hana í vali en þar hafa börnin val um ákveðin viðfangsefni þó þau hafi ekki val um hvaða viðfangsefni eru í boði. Börnin sögðu að kennararnir réðu en stundum fái þau að ráða. Í valstundum megi þau velja aftur ef þau klári að taka saman.³⁶ Deildarstjórar sögðu að börnin megi skipta um valsvalið eftir ákveðinn tíma og einnig kom fram að oft sé flæði á milli deilda en þá mega börnin velja hvar þau eru og hvað þau gera.³⁷

33 Rýnihópur deildarstjóra og starfsmanna.

34 Skóladagtal

35 Starfsáætlun Mánalands 2018–2019

36 Rýnihópur barna.

37 Rýnihópur deildarstjóra.

Í hópastarfi er að mestu unnið með fyrirfram ákveðin verkefni sem börnin hafa ekki áhrif á en í daglegu starfi eins og samverustundum eru börnin hvött til að segja frá og deila reynslu sinni.³⁸ Í haust ákváðu börnin reglur sem gilda í leikskólanum. Reglurnar voru skrifaðar á blað sem hangir upp á vegg. Börnin kvittuðu undir reglurnar með fingrafari. Matsmenn sáu þessar reglur á eldri deildinni.³⁹ Börnin kenndust hins vegar ekki við að hafa tekið þátt í að gera reglurnar.⁴⁰

Námssvið

Í starfsáætlun segir að starf leikskólans hafi að leiðarljósi þá grunnþætti sem aðalnámskrá getur um.⁴¹ Áhersla er lögð á læsi í víðum skilningi. Stafróf og tölustafir eru sýnilegir á báðum deildum. Á eldri deild er aðgengi barnanna að bókum gott en á yngri deild þarf að rétta þeim þær. Matsmenn sáu að starfsmenn á yngri deild sátu á gólfinu með börnunum fyrir hádegisverð, lásu bækur og skoðuðu. Á eldri deild sáu matsmenn að notaður var sögupoki til að búa til og segja sögur. Sögupoki er poki með myndum sem dregnar eru upp ein og ein í einu og söguþráðurinn spinnst í kringum myndirnar. Börnin eru hvött til frásagnar og þátttöku. Matsmenn sáu að til er skipulag að hópastarfi þar sem lögð er meðal annars áhersla á málrækt. Einu sinni í viku kemur grunnskólakennari á eftirlaunum í heimsókn og spilar á gítar og syngur með börnunum.

Gerð hefur verið læsisstefna fyrir leikskólann sem unnin er út frá læsisstefnu Mýrdalshrepps „Lestur er lykill að námi og starfi“ frá árinu 2015, aðalnámskrá leikskóla og Lögum um leikskóla.⁴² Þar er getið um helstu áherslur í lestrarkennslu.

Áhugi er fyrir því að leggja áherslu á heilbrigði og líðan barna og er Heilsustefnan liður í því. Góð aðstaða er til hreyfingar og fara öll börnin að minnsta kosti einu sinni í viku í íþróttasal hreppsins. Daglega er farið út ef veður leyfir. Ekki er sérstakt skipulag í kringum vettvangsferðir en starfsmenn sögðust fara í vettvangsferðir og nýta umhverfið.⁴³ Börnin töluðu um að þau vildu fara meira í göngutúra.⁴⁴ Eftir hádegismat fara sum börn í hvíld eftir aldri og þörfum. Í rýnivíðtölum kom fram að starfsfólk og foreldrar vilja hafa hollt og gott fæði fyrir börnin og matseðil sem samræmist Heilsustefnunni.⁴⁵

Í rýnivíðtölum og á vettvangi kom fram að lítið er unnið með umhverfismennt og sjálfbærni. Ekki er unnið markvisst að flokkun sorps nema vísir er að flokkun pappírs. Vinna með vísindi var ekki sýnileg en einingarkubbar eru á báðum deildum.

Í frjálsum leik geta börnin notað sitt eigið hugarflug og skapað á eigin forsendum. Á deildunum eru litir og blöð í boði en á vettvangi sáu matsmenn mikið af prentuðum myndum sem börnin gátu lítað. Listsköpun fer fram í listastofu þar sem starfsmaður er með börnunum og er þá verið að vinna fyrirfram ákveðin verkefni. Á vettvangi voru fjölbreytt verkefni eftir börnin sýnileg.

Velferð og líðan barna

Í starfsáætlun segir að mikil áhersla sé lögð á að andrúmsloft leikskólans einkennist af gleði, jákvæðni og vináttu.⁴⁶ Matsaðilar mátu að andrúmsloft í leikskólanum er gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, trausti og skilningi á milli aðila. Íslenskumælandi starfsfólk lagði sig fram við að tala við börnin og sinna þeim. Erlendu starfsmennirnir drógu sig frekar í hlé. Almennu voru börnin glöð og ánægð að koma í leikskólann. Börnin voru starfssöm og ánægð og í rýnihópi þeirra kom fram að stundum eru þau glöð og stundum leið, ef þau eru leið þá huggar starfsfólk þau. Einnig sögðu þau að sumir væru að stríða í leikskólanum og þá segir kennarinn stopp og gefur rautt merki.⁴⁷

Í foreldrakönnun sem gerð var af MMS í apríl 2019 kom fram að um 70% foreldra telja að börnunum líði vel í leikskólanum en um 20% foreldra eru ósammála, aðrir svöruðu hvorki né. Sama hlutfall foreldra (um 70%) er sammála fullyrðingu um að barnið aðlagist barnahópnum vel en um 10% eru aftur á móti ósammála því. Einnig kom fram að rúmlega helmingur (55%) foreldra telja að starfsfólk þekki þarfir barnsins síns en um þriðjungur (34%) eru ósammála, aðrir tóku ekki afstöðu.

38 Rýnihópur deildarstjóra.

39 Rýnihópur deildarstjóra.

40 Rýnihópur barna.

41 Starfsáætlun Mánalands 2018-2019.

42 Læsisstefna leikskólinn í Vík.

43 Rýnihópur deildarstjóra og starfsmanna.

44 Rýnihópur barna.

45 Viðtal við leikskólastjóra, starfsmann, rýnihópur deildarstjóra, foreldrar og foreldrakönnun.

46 Starfsáætlun Mánalands 2018-2019.

47 Rýnihópur barna

Þegar spurt er hvort foreldrar hafi fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið í leikskólanum eru um þriðjungur (34%) foreldra sammála en um helmingur (52%) ósammála. Í könnuninni var auk þess spurt hvort lögð sé áhersla í leikskólanum á að efla sjálfstraust barnsins og svöruðu innan við helmingur (45%) foreldra því játandi en aðrir svöruðu því neitandi (17%) eða tóku ekki afstöðu (38%).

Mat á námi og velferð barna

Reglulega er fyllt út í Tras-lista en hann er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska. Að hausti er gert Hljóm-2 próf á öllum elstu börnunum. Hljóm-2 er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund barnanna. Í rýnihópum kom fram að foreldrar komi ekki að mati á námi og framförum barna sinna og eins koma börnin ekki að því.⁴⁸ Í forelðrakönnun MMS í apríl 2019 kemur fram að um fjórðungur (24%) foreldra eru sammála um að hafa tekið þátt í því að meta framfarir barnsins síns en rúmlega helmingur (55%) er ósammála, aðrir svöruðu hvorki né. Af þeim sem tóku afstöðu er um helmingur foreldra sammála um að barnið þeirra taki stöðugum framförum í leikskólanum en hinn helmingurinn er því ósammála.

Styrkleikar

- Umhyggja einkennir starfið.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Til er skipulag um vinnuskiptingu starfsmanna.
- Til er skipulag að hópstarfi og öðrum skipulögðum stundum.
- Verkefnið sögupokinn er til fyrirmyndar og gott innlegg í vinnu með málrækt.
- Góð aðstaða er til hreyfipjálfunar í íþróttasal hreppsins.
- Fjölbreytt viðfangsefni og nægur efniviður er til staðar fyrir börnin.
- Fjölbreytt verkefni barna eru á veggjum leikskólans.
- Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða ætti aðgengi barna á yngri deild að leikföngum og öðrum efnivið. Einnig þarf að huga að aðgengi að leikefni í listasmiðju.
- Marka þarf stefnu varðandi matmálstíma, uppfræða starfsmenn og samræma reglur.
- Fækka mætti áherslupáttum leikskólans og leggja áherslu á markvissari innleiðingu þeirra.
- Huga þarf að faglegri leiðbeiningu fyrir starfsfólk.
- Efla ætti umræðu um lýðræðisleg vinnubrögð og auka áherslu á sjálfstæði barnanna.
- Endurskoða má lýðræðislega þátttöku barnanna í öllu skólastarfinu.
- Nýta mætti náttúru og umhverfi Víkur meira í vettvangsferðir og umhverfismennt.
- Æskilegt væri að bjóða börnunum heldur blöð til að teikna á í stað fjölfaldaðra mynda.
- Leita ætti fjölbreyttari leiða til að meta nám barnanna.
- Leita ætti leiða til að fá foreldra með í að meta nám og framfarir barnanna.
- Endurskoða þátttöku barna í innra mati og leita leiða til að fá eldri börnin með í það að meta nám sitt og framfarir.

48 Rýniviðtal við leikskólastjóra, rýnihópur deildarstjóra, starfsmanna og foreldra.

- Leita ætti leiða til að þjálfa erlenda starfsmenn í íslensku og að tala við börnin.
- Æskilegt er að kynna betur og gera stefnu skólans sýnilegri.
- Æskilegt væri að endurskoða læsi áætlun leikskólans með tilliti til nýs stjórnanda og breytts starfsmannahalds.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrjú fulltrúar. Fulltrúar eru kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins. Foreldraráð hefur ekki sett sér vinnureglur eða starfsáætlun en leikskólastjóri boðar til fundar og heldur utan um þá. Fundirnir eru ekki boðaðir með formlegri dagskrá og ekki eru ritaðar fundargerðir. Foreldraráð kemur ekki að gerð starfsáætlunar eða námskrár en helstu verkefni ráðsins eru að lesa yfir starfsáætlun og gefa umsögn um hana. Einnig sögðu fulltrúarnir að Heilsustefnan hefði verið kynnt fyrir þeim í haust og þau látin vita að það ætti að innleiða hana í leikskólann.

Foreldrafélag er starfrækt við leikskólann og er það sameiginlegt með grunnskólanum. Þrjú foreldrar eru í stjórn og eru þeir kosnir á aðalfundi að hausti. Fundir eru haldnir eftir þörfum en foreldrar könnuðust ekki við að gerðar væru fundargerðir. Fram kom í viðtölum að foreldrafélagið er samstarfsaðili leikskólans og kemur það meðal annars að sumarhátíð leikskólans.⁴⁹ Einnig kom fram að ekki eru allir sammála um kosti sameiginlegs foreldrafélags leik- og grunnskóla og telja að áherslur leikskólans gjaldi fyrir það.⁵⁰

Aðlögun nýrra barna tekur um viku og er til áætlun um það. Foreldrar könnuðust ekki við að hafa fengið sérstaka kynningu á leikskólastarfinu svo sem á stefnu skólans í upphafi leikskólagöngu. Foreldraviðtöl hafa ekki verið í vetur.⁵¹ Í fyrrnefndri foreldrakönnun MMS kom fram að meirihluti (62%) foreldra telur sig ekki fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins en um þriðjungur (28%) foreldra telur sig fá þær, aðrir tóku ekki afstöðu.

Leikskólinn er með skráningarkerfið Karellen þar sem starfsmenn skrá upplýsingar eins og viðveru barna, svefntíma og hægt er að setja inn skilaboð til foreldra. Einnig er hægt að nota kerfið til að setja inn myndir af starfi barnanna en lítið er gert af því. Tölvupóstur er notaður til að koma upplýsingum til foreldra um hvað er verið að gera í leikskólanum, svokallaður föstudagspóstur. Upplýsingatafla er í fataklefa þar sem skráðar eru upplýsingar um það sem starfsfólk vill koma á framfæri við foreldra. Lögð er áhersla á dagleg samskipti milli foreldra og starfsmanna.

Foreldrar í rýniviðtali sögðust ekki nota heimasíðuna mikið en finnst þær upplýsingar sem þeir fá í Karellen góðar. Fram kom hjá foreldrum að þeim finnst tölvupósturinn á föstudögum ekki nógu upplýsandi um hvað verið er að gera með börnunum í leikskólanum og hvað er framundan. Foreldrar vildu fá nánari upplýsingar um það hvað verið væri að gera í leikskólanum t.d. eins og hvað verið væri að taka fyrir í ART.⁵² Í foreldrakönnun MMS kom fram að meirihluti (59%) foreldra er sammála því að hann fái góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum en um þriðjungur (31%) er ósammála því, aðrir svara hvorki né. Einnig var spurt hvort foreldrar fái greinargóð svör við spurningum sínum um leikskólastarfið. Svör voru á þá leið að um helmingur foreldra sem tóku afstöðu töldu svo vera en hinn helmingurinn var því ósammála. Varðandi þátttöku foreldra í leikskólastarfinu var í könnuninni spurt hvort leikskólinn hvetji foreldra til þátttöku og var um helmingur þeirra sem tóku afstöðu sammála því en hinn helmingurinn ósammála.

Viðhorf foreldra

Meirihluti foreldra í rýnihópnum sagði að viðhorf þeirra til leikskólans væri gott. Þeir voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann, starfsmenn og stjórnendur. Þeir sögðust eiga góð samskipti við starfsmenn og viðhorf starfsmanna til barnanna einkenndust af virðingu og hlýju, þeir telja að starfsandinn sé góður. Hins vegar gátu matsmenn greint að ekki væru allir foreldrarnir í rýnihópnum á sama máli og kom þar fram að erfiðlega gengi að fá leikskólastjóra og starfsmenn til að hlusta á óskir foreldra og verða við þeim. Var þar nefnt sem dæmi óskir um ósykraðar mjólkurvörur í morgunmat og óskir foreldra um lengri opnunartíma leikskólans og þá um leið að aðlaga hann að atvinnulífi bæjarins.⁵³

49 Rýniviðtal við foreldra og viðtal við leikskólastjóra.

50 Viðtal við leikskólastjóra.

51 Rýniviðtal foreldra.

52 Rýniviðtal foreldra.

53 Rýnihópur foreldra

Foreldrakönnun MMS leiddi ótvírætt í ljós að skiptar skoðanir eru meðal foreldra. Þar kom fram að foreldrar svara fullyrðingunni: Þegar á heildina er litið, er ég ánægður með leikskólann þannig að 48% eru sammála en 55% ósammála. 52% foreldra eru sammála þeirri fullyrðingu að þeir séu ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks en 38% eru ósammála, aðrir tóku ekki afstöðu. Rúmlega helmingur (59%) foreldra er sammála um að barnið þeirra sé öruggt í leikskólanum en um þriðjungur (31%) er ósammála, aðrir svara hvorki né. Ljóst er af foreldrakönnun að stór hluti foreldra ber ekki traust til leikskólans og dregur í efa það starf sem þar er unnið. Mikil gagnrýni kom frá foreldrum á fæðið í leikskólanum og voru þar meðal annars nefndar unnar kjötvörur og sykraðar mjólkurvörur í morgunmat. Töldu foreldrar þetta ekki samræmast Heilsustefnunni sem verið er að innleiða í leikskólann.

Fram kom hjá leikskólastjóra að hádegismatur leikskólans kemur frá eldhúsi elliheimilisins og hefur hann lítil áhrif á hann. Leikskólastjóri segist ítrekað hafa reynt að hafa samráð um innihald máltíðar og að maturinn sé gerður frá grunni en ekki keyptur tilbúinn. Aftur á móti hefur hún val um hvað er í morgunmat og síðdegishressingu því það er pantað og matreitt frá eldhúsi grunnskólans.⁵⁴

Samstarf við grunnskóla

Leikskólinn og grunnskólinn eru staðsettir í sama húsnæði og er samstarf gott á milli skólastiganna. Í starfsáætlun kemur fram að elstu börnin fara einu sinni í viku í eina kennslustund með fyrsta bekk grunnskólans og tvisvar í viku fara árgangarnir saman í íþróttir. Tvisvar í viku borða þessi börn saman að lokinni kennslustund. Hvernig upplýsingar um börnin fara á milli skólastiga við lok leikskólagöngu og við upphaf grunnskólagöngunnar liggur ekki fyrir. Samstarf er við tónlistaskólann, yngri börnin fara einu sinni í viku í heimsókn og skólastjórinn spilar á hljóðfæri fyrir þau. Ekki er til skráð markmið með þessum heimsóknum né hvernig þetta er skipulagt.

Annað samstarf

Lítið sem ekkert samstarf er við stofnanir sveitarfélagsins eða þátttaka í samfélagsverkefnum. Gott samstarf er á milli leikskólastjóra og starfsfólks Mánalands við aðra leikskóla í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Styrkleikar

- Foreldrafélag er starfandi.
- Gott samstarf er við grunnskólann.

Tækifæri til umbóta

- Foreldraráð þarf að gera sér verklagsreglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu.
- Æskilegt er að hafa sérstaka kynningu á stefnu skólans fyrir nýja foreldra.
- Leita þarf leiða til að skapa traust foreldra á leikskólastarfinu.
- Bæta þarf upplýsingar til foreldra hvað varðar nám og þroska barnsins og um leikskólastarfið almennt.
- Leita þarf leiða til að gefa foreldrum greinargóð svör við spurningum um leikskólastarfið og hvað er á döfinni.
- Leggja þarf áherslu á að bæta viðmót og samstarf við foreldra.
- Foreldraviðtöl ættu að vera að minnsta kosti einu sinni á ári.
- Gera þarf skriflega áætlun um hvernig upplýsingar um börn fara á milli skólastiga við lok leikskólagöngu og upphaf grunnskólagöngu.

54 Viðtal við leikskólastjóra.

- Æskilegt er að hafa skriflega áætlun um samstarf, skipulag og endurmat við grunn- og tónlistaskólann og birta í starfsáætlun.
- Taka ætti upp samtal við yfirmann eldhúsmála um matseðil fyrir leikskólabörn með tilliti til Heilsustefnunnar. Leita skal eftir innihaldslýsingu á unnum matvælum og að lögð sé áhersla á hollan og góðan mat. Einnig ætti að endurmeta með aðkomu foreldra hvað boðið er upp á í morgunmat og síðdegishressingu.
- Æskilegt er að birta matseðil á heimasíðu leikskólans.

Skóli án aðgreiningar

Skólaþjónusta og sérkennsla

Til eru skriflegir verkferlar sérkennslu á svæði Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu. Þar segir að ef áhyggjur vakna um þroskafrávik hjá barni getur foreldri haft samband við deildarstjóra og ef áhyggjur vakna hjá deildarstjóra þá hefur hann samband við foreldrið. Deildarstjóri talar við sérkennslustjóra ef hann er til staðar. Sérkennslustjóri, deildarstjóri og hópstjóri skoða hvað hefur verið gert og leggja drög að næstu skrefum. Sérkennslustjóri gerir einstaklingsnámskrá í samvinnu við deildarstjóra. Unnið er eftir henni á leikskólanum og heima.

Tilvísun/beiðni um sérfræðiaðstoð er send til skólaþjónustunnar. Sérkennslustjóri fyllir út erindi í samvinnu við foreldra og deildarstjóra/hópstjóra aftar fylgigagna t.d. viðeigandi gátlista með beiðni, TRAS, Hljóm-2 o.fl. eftir því sem við á. Skilafundur er haldinn að viðstöddu teymi barnsins ásamt viðkomandi fagaðilum. Farið er yfir næstu skref í einstaklingsnámskrá með teymi og endurmat er að a.m.k. tvisvar sinnum á ári.

Eftirfylgni er á ábyrgð sérkennslustjóra og Skólaþjónustu. Fulltrúar leik- og grunnskóla hittast á skilafundi áður en barnið fer í grunnskóla.⁵⁵ Ekki er starfandi sérkennslustjóri við leikskólann og gegnir leikskólastjóri og deildarstjóri því hlutverki hans í verkferlinu. Fram kom að ekki er til skrifleg stefna um stuðning og sérkennslu í leikskólanum en lagt er upp úr því að vinna sem mest með börnin inni á deild.

Öll börn eru tekin inn í skólann og þeim mætt á sínum forsendum.⁵⁶ Ekki eru til verkferlar um það hvernig upplýsingum um sérkennslubörn er komið til starfsmanna og hverjir eigi að fá upplýsingar. Í sumum tilfellum höfðu starfsmenn engar upplýsingar um sérkennslubörn. Fræðsla til starfsmanna um frávik í þroska barna var lítil en þó kom fram að ef starfsmenn óskuðu eftir að fara á námskeið um ákveðin þroskafrávik var reynt að verða við því.⁵⁷ Fram kom í viðtölum að góð samvinna er við félagsþjónustu og heilsugæslu svæðisins.⁵⁸

Börn með annað móðurmál en íslensku

Ekki er til móttökuáætlun eða verkferlar um það hvernig unnið er með börn með annað móðurmál en íslensku. Þó kom fram í viðtölum að pólskir starfsmenn lesi einu sinni í viku á pólsku fyrir pólsku börnin. Einnig kom fram að túlkur er í foreldraviðtölum þegar það á við.⁵⁹

Styrkleikar

- Til er verkferli ef upp kemur grunur um þroskafrávik.
- Boðið er upp á tülkaþjónustu í viðtölum við foreldra þegar það á við.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að hafa verkferla og skipulag sérkennslu í leikskólanum skriflegt ásamt því hvernig upplýsa skal starfsmenn um þroskafrávik barna.
- Æskilegt er að til séu verkferlar varðandi börn með annað móðurmál en íslensku.
- Efla þarf ráðgjöf og leiðbeiningar hvað varðar sérkennslu til starfsmanna á deildum.

55 Verkferill sérkennslu á svæði Rangárvalla og Vestur-Skaftafellsýslu.

56 Rýnivíðtal við deildarstjóra.

57 Rýnivíðtal starfsmanna.

58 Rýnivíðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra.

59 Rýnivíðtal við leikskólastjóra

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í starfaáætlun Mánalands er kafli um mat á skólastarfi. Þar kemur fram að samkvæmt 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skuli leikskóli meta árangur og gæði starfsins með kerfisbundnum hætti. Matsáætlun til sex ára fylgir starfsáætlun en þar er talað um foreldrakönnun og starfsmannakönnun á hverju ári. Starfsmannasamtal árlega og að börnin meti líðan og þarfir með brosköllum. Þar er einnig fjallað um grunnþætti menntunar og koma fram markmið, leiðir, mat, mælikvarðar og ábyrgð á þeim þáttum.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Matsteymi er ekki starfandi í leikskólanum og í rýnivíðtölum kom fram að lítið var verið að gera í innra mati. Starfsmanna- og deildarfundir eru notaðir til óformlegra samræðna um starfshætti hvernig gengur og hvað má betur fara. Deildarstjórar sögðust nota Hljóm-2 fyrir elstu börnin og Tras fyrir öll börn en óljóst er hvernig unnið er með niðurstöður. Starfsmenn og foreldrar könnuðust ekki við að hafa tekið þátt í innra mati. Leikskólustjóri hefur framkvæmt kannanir meðal foreldra og starfsmanna sem lið í innra mati.

Opinber birting og umbætur

Engin opinber birting er til staðar né sýnilegar umbótaáætlanir.

Styrkleikar

- Matslisti er notaður til að meta framfarir hjá börnum.
- Til er matsáætlun til sex ára.

Tækifæri til umbóta

- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til úrbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hringa umbótum í framkvæmd.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **Grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **Ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **Gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **Rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Mánalands. Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Gott samstarf milli leikskólans og yfirstjórnar.
- Útisvæðið og nærumhverfið gefur mikla möguleika á fjölbreyttu útinámi.
- Ítarlega og vönduð áfallaáætlun.
- Metnaðarfull símenntunaráætlun og starfsfólk er hvatt til að sækja sér menntunar.
- Góður starfsandi í leikskólanum.
- Umhyggja einkennir starfið.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Til er skipulag um vinnuskiptingu starfsmanna.
- Til er skipulag að hópstarfi og öðrum skipulögðum stundum.
- Verkefnið sögupokinn er til fyrirmyndar og gott innlegg í vinnu með málrækt.
- Góð aðstaða er til hreyfipjálfunar í íþróttasal hreppsins.
- Fjölbreytt viðfangsefni og nægur efniviður er til staðar fyrir börnin.
- Fjölbreytt verkefni barna eru á veggjum leikskólans.
- Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu.
- Foreldrafélag er starfandi.
- Gott samstarf er við grunnskólann.
- Til er verkferli ef upp kemur grunur um þroskafrávik.
- Boðið er upp á tülkaþjónustu í viðtölum við foreldra þegar það á við.
- Matslisti er notaður til að meta framfarir hjá börnum.
- Til er matsáætlun til sex ára.

Tækifæri til umbóta

- Bæta þarf almennar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu sveitarfélagsins s.s. hvar hann er staðsettur, húsnæði og námsumhverfi. Enn fremur mætti skrá sögu leikskólans (s.s. sambærilegt við Tónskóla Mýrdalshrepps).
- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.

- Efla þarf íslenskukunnáttu starfsmanna af erlendum uppruna og nota fyrst og fremst íslenskuna í leikskólastarfinu.
- Bæta þarf nokkur atriði í leikskólanum hvað varðar velferð og öryggi barnanna. Í þessu samhengi er bent á *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum* <https://mms.is/handbok-um-velferd-og-oryggi-barna-i-leikskolum-0>
- Leita þarf leiða til að húsnæði leikskólans uppfylli kröfur sem gerðar eru varðandi rými um nauðsynlega lágmarksaðstöðu fyrir starfsfólk leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009.
- Mætti huga að því að ganga smekklegar frá myndverkum barnanna á aðalgangi leikskólans. Einnig mætti huga að því sama hvað varðar gögn sem eru á veggjum leikskólans til aflestrar.
- Gera útivist barnanna innan leiksvæðis leikskólans og fyrir utan að sterkari þætti í starfsemi leikskólans.
- Draga þarf betur fram þær hugmyndafræðilegu áherslur sem leikskólastarfið tekur mið af og skilgreina stefnu og markmið í framhaldi af því.
- Efla umræðu um hlutverk leikskóla (aðalnámskrá bls. 29 - bls. 55) meðal starfsfólks og foreldra og móta ný einkunnarorð með öllum hagsmunaraðilum leikskólans.
- Móta nýja menntastefnu fyrir Mýrdalshrepp.
- Virkja jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps innan leikskólans.
- Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá, sbr. Lög um leikskóla nr. 90/2008. Gera þarf móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Gera þarf móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Leita leiða til að leikskólastjóri hafi aðgang að ráðgjöf og stuðningi frá reynslumiklum leikskólastjóra sem hefur staðgóða þekkingu á starfsemi leikskóla.
- Endurskoða ætti aðgengi barna á yngri deild að leikföngum og öðrum efnivið. Einnig þarf að huga að aðgengi að leikefni í listasmiðju.
- Marka þarf stefnu varðandi matmálstíma, uppfræða starfsmenn og samræma reglur.
- Fækka mætti áherslupáttum leikskólans og leggja áherslu á markvissari innleiðingu þeirra.
- Hugsa þarf að faglegri leiðbeiningu fyrir starfsfólk.
- Efla ætti umræðu um lýðræðisleg vinnubrögð og auka áherslu á sjálfstæði barnanna.
- Endurskoða má lýðræðislega þátttöku barnanna í öllu skólastarfinu.
- Nýta mætti náttúru og umhverfi Víkur meira í vettvangsferðir og umhverfismennt.
- Æskilegt væri að bjóða börnunum meira blöð til að teikna á í stað fjölfaldaðra mynda.
- Leita ætti fjölbreyttari leiða til að meta nám barnanna.
- Leita ætti leiða til að fá foreldra með í að meta nám og framfarir barnanna.
- Endurskoða þátttöku barna í innra mati og leita leiða til að fá eldri börnin með í það að meta nám sitt og framfarir.
- Leita ætti leiða til að þjálfra erlenda starfsmenn í íslensku og að tala við börnin.
- Æskilegt er að kynna betur og gera stefnu skólans sýnilegri.

- Æskilegt væri að endurskoða læsiáætlun leikskólans með tilliti til nýs stjórnanda og breytts starfsmannahalds.
- Foreldraráð þarf að gera sér verklagsreglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu.
- Æskilegt er að hafa sérstaka kynningu á stefnu skólans fyrir nýja foreldra.
- Leita þarf leiða til að skapa traust foreldra á leikskólastarfinu.
- Bæta þarf upplýsingar til foreldra hvað varðar nám og þroska barnsins og um leikskólastarfið almennt.
- Leita þarf leiða til að gefa foreldrum greinargóð svör við spurningum um leikskólastarfið og hvað er á döfinni.
- Leggja þarf áherslu á að bæta viðmót og samstarf við foreldra.
- Foreldraviðtöl ættu að vera að minnsta kosti einu sinni á ári.
- Gera þarf skriflega áætlun um hvernig upplýsingar um börn fara á milli skólastiga við lok leikskólagöngu og upphaf grunnskólagöngu.
- Æskilegt er að hafa skriflega áætlun um samstarf, skipulag og endurmat við grunn- og tónlistaskólann og birta í starfsáætlun.
- Taka ætti upp samtal við yfirmann eldhúsmála um matseðil fyrir leikskólabörn með tilliti til Heilsustefnunnar. Leita skal eftir innihaldslýsingu á unnum matvælum og að lögð sé áhersla á hollan og góðan mat. Einnig ætti að endurmeta með aðkomu foreldra hvað boðið er upp á í morgunmat og síðdegishressingu.
- Æskilegt er að birta matseðil á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að hafa verkferla og skipulag sérkennslu í leikskólanum skriflegt ásamt því hvernig upplýsa skal starfsmenn um þroskafrávik barna.
- Æskilegt er að til séu verkferlar varðandi börn með annað móðurmál en íslensku.
- Efla þarf ráðgjöf og leiðbeiningar hvað varðar sérkennslu til starfsmanna á deildum.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvað viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til úrbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða eigi að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinta umbótum í framkvæmd.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Mánalandi leiðir í ljós að börnunum líður vel í leikskólanum en skipulag náms og námsaðstæða þarfnast endurmats í samræmi við menntun og reynslu starfsmanna. Niðurstöður foreldrakönnunar sem MMS gerði í apríl 2019 leiða í ljós að nokkur tortryggni ríkir í foreldrahópnum og stór hluti foreldra ber ekki traust til leikskólans. Bæta þarf samstarf við foreldra, upplýsingaflæði og efla þátttöku þeirra við gerð skólanámskrár og í mati á skólastarfi. Efla þarf faglega forystu í leikskólanum en þar er reynslulítill stjórnandi sem þarfnast handleiðslu við að takast á við viðamikil verkefni. Leita þarf leiða til að fjölga íslenskumælandi starfsfólki í leikskólanum. Gera þarf áætlun um mat á námi og framförum barna og vinna markvisst eftir henni. Markvisst þarf að vinna innra mat leikskólans út frá áætlun til lengri og skemmri tíma, skrifa greinargerð og vinna umbótaáætlun út frá niðurstöðunum.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 12. maí 2016.

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Foreldrakönnun MMS 2019.

Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum

<https://mms.is/handbok-um-velferd-og-oryggi-barna-i-leikskolum-0>.

Heimasíða leikskólans Mánalands.

Heimasíða Mýrdalshrepps.

Leikskóladagatal 2018-2019.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Reglugerð með lögum um leikskóla nr.655/2009.

Starfsáætlun leikskólans Mánalands 2018-2019.

Viðtöl:

Símtal við sveitastjóra.

Viðtal við deildarstjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við starfsmenn.

